

Viðmið í lögfræði - BA

Í 4. gr. reglna um BA nám við lagadeild HR koma fram eftirfarandi meginreglur um lærdómsvið:

Við lok bakkalárprófs í lögfræði skal nemandi hafa til að bera þekkingu, leikni og hæfni í samræmi við lærdómsviðmið BA náms. Við útskrift búi nemandi þannig yfir a) lögfræðilegri þekkingu, b) geti beitt aðferðum og verklagi lögfræðinnar og c) hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Í því felst:

a) Þekking

Að nemandi:

Þekki og hafi almennan skilning á og innsæi í helstu kenningar og hugtök lögfræðinnar.

Þekki og skilji réttarheimildir og aðferðafræði lögfræðinnar.

Hafi yfirsýn yfir gildandi rétt á helstu sviðum lögfræðinnar.

Hafi enn fremur vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu réttarsviði.

Þekki undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni: Viti hvar og hvernig á að leita upplýsinga og hvenær upplýsinga er þörf.

Hafi skilning á samfélagslegu hlutverki lögfræðinnar og tengslum hennar við önnur fræðasvið

Hafi þekkingu á siðferðilegum forsendum lögfræðinnar.

b) Leikni

Að nemandi:

Geti beitt aðferðum lögfræðinnar og fræðilegri þekkingu á viðfangsefni fræðigreinarinnar.

Geti greint lögfræðileg álitaefni og leyst úr þeim með rökstuddum hætti.

Geti metið áreiðanleika upplýsinga og aðferða og valið á milli þeirra.

Öðlist þjálfun í því að nýta nauðsynlegar upplýsingar við úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna

Hafi tileinkað sér vísðsýni og frumleika í hugsun og öguð og nákvæm vinnubrögð.

Geti beitt gagnrýnum fræðilegum vinnubrögðum og siðferðilegri dómgreind við úrlausn verkefna.

c) Hæfni

Að nemandi:

Hafi þekkingu og þjálfun til lögfræðistarfa og til þess að hefja ML nám.

Hafi tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Geti sett sér markmið og fylgt verkáætlunum.

Geti tekið virkan þátt í samstarfi og leitt verkþópa.

Sé fær um að túlka og kynna lögfræðileg atriði og niðurstöður.

Geti aflað sér þekkingar, haldið henni við og aukið við hana.